

# 61. stjórnarfundur Bergrisans bs.

12.07.2023

Staðsetning: Fjarfundur á Teams

Fundur hófst klukkan

**Fundinn sátu:** Fjóla Steindóra Kristinsdóttir, Anton Kári Halldórsson, Ása Valdís Árnadóttir, Sandra Sigurðardóttir

Svava Davíðsdóttir, Eyrún Hafþórsdóttir og Íris Ellertsdóttir sem ritar jafnframt fundargerð. Steinunn Erla Kolbeinsdóttir er gestur undir fundarlið 1.

## Dagskrá

### 1. Kröfugerð Sólheima

Borist hefur krafa frá Sólheimum um hækkun framlaga frá Bergrisanum bs. Jafnframt hefur borist erindi vegna aukinnar fjárþarfar í rekstri Sólheima.

Gestur undir fundarlið 1 er Steinunn Erla Kolbeinsdóttir, lögmaður.

Stjórn Bergrisans óskar eftir frekari greiningu á þeim gögnum sem Sólheimar byggja kröfur sínar á og felur verkefnastjóra Bergrisans bs. að fá tilboð í það verkefni frá HLH ráðgjöf ásamt því að leita til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga með styrkbeiðni vegna sama verkefnis.

### 2. Málakerfi fyrir Bergrísann bs.

Bergrísinn hefur fengið tilboð frá Spectra um útfærslu í Work point málakerfi. Tilboð er kynnt.

Stjórn Bergrisans samþykkir tilboð vegna skráningar í Work point málakerfi að upphæð kr. 102.690.

### 3. Heimasíða fyrir Bergrísann bs.

Lagt er til að Bergrísinn bs. haldi úti heimasíðu til að auka gagnsæi og upplýsingaflæði í málefnum fatlaðs fólks. Á heimasíðu verða birtar helstu upplýsingar um byggðasamlagið, lagaumhverfi í málaflokknum og þær reglur sem eru í gildi á þjónustusvæðinu á hverjum tíma.

Stjórn samþykkir tillöguna og leggur til að Bergrísinn fái úthlutað undirsíðu á léni Árborgar.

### 4. Skipan starfshóps um uppbyggingaráætlun um húsnæði fatlaðs fólks

Lagt er til að unnin verði uppbyggingaráætlun húsnæðis fyrir fatlað fólk á starfssvæði Bergrisans sem tekur mið af stöðu biðlista og spá um þörf fyrir húsnæði fyrir fatlað fólk. Leggja þarf heildstætt mat á þörf fyrir mismunandi húsnæði og leggja til forgangsröðun uppbyggingar með það að markmiði að fatlað fólk hafi öruggt húsnæði á viðráðanlegu verði.

Stjórn samþykkir að unnin verði uppbyggingaráætlun húsnæðis fyrir fatlað fólk á starfssvæði Bergrisans og leggur til að skipaður verði starfshópur kjörinna fulltrúa af þjónustusvæðum Bergrisans bs., auk fagaðila og verkefnastjóra. Starfshópur sækir um styrk vegna verkefnisins til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

## 5. Beiðni um endurskoðun á NPA taxta

Lögð er fyrir beiðni NPA seturs þar sem óskað er eftir endurskoðun vegna ákvörðunar stjórnar er varðar hagvaxtarauka en stjórn hafði á fundi nr. 59 þann 12. júní sl. ákveðið að breyta NPA töxtum sínum til að mæta kostnaði vegna hagvaxtarauka frá og með 1. janúar 2023. NPA setur óskar eftir að stjórn endurskoði gildistíma taxtahækkunar og leggur fram gögn sem sýna fjárþörf vegna hagvaxtarauka árið 2022.

Stjórn samþykkir beiðnina og felur verkefnastjóra Bergrisans að útfæra hana.

## 6. Lánabeiðni frá Arnardrangi hses. vegna byggingar íbúðakjarna.

Fyrir liggur lánabeiðni frá Arnardrangi hses. vegna framkvæmda á byggingu íbúðakjarna við Nauthaga 2. Lánabeiðni er vegna framvindu 11 að upphæð kr. 17.358.802. Að auki er óskað eftir láni vegna reikninga frá VSB verkfræðistofu sem hefur umsjón með verkefninu að upphæð kr. 277.333

Stjórn samþykkir beiðnina.

## 7. Önnur mál

Rætt er um málefni Skaftholts. Stjórn Bergrisans óskar eftir að þjónusturáð fjalli um fyrirkomulag þjónustu í Skaftholti.

Fleira ekki gert. Fundi slitið klukkan 11:55

